

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 223/2014****2015/EES/52/15****frá 24. október 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 97/2014 frá 3. febrúar 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2014 frá 3. febrúar 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 426/2014 frá 25. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008):
 - „– **32013 R 1065**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2013 frá 30. október 2013 (Stjttíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 48),
 - **32014 R 0097**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 97/2014 frá 3. febrúar 2014 (Stjttíð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 1),

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 48.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 55.

- **32014 R 0098**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2014 frá 3. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 3),
 - **32014 R 0426**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 426/2014 frá 25. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 55).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008):
- „9a. **32013 R 0716**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtið. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1065/2013, (ESB) nr. 97/2014, (ESB) nr. 98/2014 og (ESB) nr. 426/2014 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.